

# Lög

## um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum (endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað).

1. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXXIV í lögnum orðast svo:

Eftirtöldum aðilum skal endurgreiða 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt vegna vinnu manna sem innt er af hendi á tímabilinu frá 1. mars 2020 til og með 31. desember 2020 á byggingarstað við byggingu, viðhald eða endurbætur á mannvirkjum sem alfarið eru í eigu þeirra, auk virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af þjónustu vegna hönnunar eða eftirlits með byggingu á slíku mannvirki:

1. Mannúðar- og líknarfélögum.
2. Íþróttafélögum, heildarsamtökum á sviði íþróttar og héraðs- og sérsamböndum.
3. Björgunarsveitum, landssamtökum björgunarsveita og slysavarnadeildum og einstökum félagseiningum sem starfa undir merkjum samtakanna.
4. Félögum og félagasamtökum sem sinna æskulýðsmálum.
5. Þjóðkirkjunni, þjóðkirkjusöfnuðum og öðrum skráðum trú- og lífsskoðunarfélögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Samþykkt á Alþingi 30. júní 2020.*